

Stefndir Guðmundur Ögmundsson og Björgvin Jónsson eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda og falli málskostnaður gagnvart þeim niður.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1939.

Nr. 102/1937. **H/f Nafta** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurði Þ. Skjaldberg

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur vegna vanefnda á samningi um vöruflutninga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. sept. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2537.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í marzmánuði 1936 ákváðu stefndi, Alpýðubrauðgerðin og Haukur Björnsson að taka í félagi skipið „Nurgis“ á leigu til farmflutnings frá Englandi og Danzig til Reykjavíkur fyrir ca. 700 sterlingspund. Átti hver þeirra að ráðstafa $\frac{1}{3}$ hluta af farmrými skipsins og með þeim hætti, að því er telja má upplýst, að hagnaður og tap, ef því yrði að skipta, skiptist milli þeirra með sama hætti. Haukur Björnsson fyllti sinn hluta, þar á meðal með því að heita á-

frýjanda flutningi á 100 smálestum af benzíni og smurningsolíu fyrir nokkru hærri farmgjald af smálest en tekið var fyrir flutning á öðrum vörum í skipinu. Og kom hagnaður af þessari ráðstöfun í hvers hlut samkvæmt framanskráðu. Verður að líta svo á, að í samningi hinna þriggja áðurnefndu aðilja hafi falizt umboð til handa Hauki Björnssyni frá stefnda og Alþýðubrauðgerðinni til samnings þess, er Haukur gerði við áfrýjanda, og að sá samningur hafi því skuldbundið þá alla þrjá, stefnda, Alþýðubrauðgerðina og Hauk, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1936, enda samþykktu þeir stefndi og Alþýðubrauðgerðin þann samning skilorðslaust. Stefndi hlaut því, ásamt margnefndum félögum sínum, að bera áhættu á því, ef skipið tæki ekki vörumagn það, er áfrýjanda var heitinn flutningur á. Hefði áfrýjandi því getað krafið þá alla þrjá saman alla fyrir einn og einn fyrir alla bóta vegna taps á þeim vanefndum samningsins, sem í þessu máli greinir. En auk þess mátti hann krefja hvern einstakan þeirra allra bótanna, eins og hann hefir krafið stefnda í þessu máli.

Með því að dæma verður stefnda þessvegna til að greiða áfrýjanda bætur fyrir áðurnefndar vanefndir, þá koma til álita einstakir kröfuliðir áfrýjanda, og verða þeir athugaðir í sömu röð sem í héraðsdóminum greinir.

Um 1. og 3. Því er ekki mótmælt, að áfrýjandi hafi orðið að greiða kr. 1320.20 hærri farmgjald fyrir flutning þeirra ca. 40 smálesta, sem eftir urðu í Danzig af farmhluta hans, en hann hefði þurft að greiða, ef „Nurgis“ hefði flutt þær. Því er eigi heldur mótmælt, að áfrýjandi hafi lagt út þær kr. 102.64 vegna símskeytasendinga, er nauðsynlegar hafi verið og vanefndirnar hafi valdið. Verður því

að taka kröfurnar í þessum liðum að fullu til greina, samtals kr. 1422.84.

Um 2. Engar upplýsingar eru fram komnar um það, að uppskipun á þeim ca. 40 smálestum, er „Nurgis“ tók ekki, hafi orðið dýrari en hún mundi hafa orðið, ef þær hefðu komið í „Nurgis“. Gegn mótmælum stefnda verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Um 4. og 5. Ekki eru nægileg rök leidd að því, að áfrýjandi hafi beðið tjón það, er í þessum liðum getur, og verða þeir því ekki gegn mótmælum stefnda teknir til greina.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 1422.84 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 4. des. 1936, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Þ. Skjaldberg, greiði áfrýjanda, h/f Nafta, kr. 1422.84 með 5% ársvöxtum frá 4. des. 1936 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausu sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 9. des. 1936 af h/f Nafta, hér í bæ, gegn Sigurði Þ. Skjaldberg kaupmanni, Laugaveg 49 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 2537.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í byrjun marz mánaðar 1936 hafi svo um samist milli þess og stefnds í máli þessu, að hann flytti fyrir félagið ca. 100 tonn af benzíni og smurningsolíu frá Danzig til Reykjavíkur með e/s „Nurgis“, er stefndur hafði gert farmsamning um. Umsamið flutningsgjald hafi verið 35 shillings fyrir hvert tonn, og skyldi uppskipun varanna vera innifalin í því gjaldi. Er vörur þessar, alls 100214 kg., hafi verið komnar á bryggju í Danzig til útskipunar í e/s „Nurgis“, hafi skipstjórinn neitað að taka til flutnings nema 60284 kg., og hafi hann borið því við, að ekki væri rúm í skipinu fyrir meira. Það, sem eftir hafi verið skilið af vörunum, 32196 kg. af benzíni og 7734 kg. af smurningsolíu, hafi stefnandi orðið að flytja með m/s „Dr. Alexandrine“, sem ekki hafi komið til Reykjavíkur fyrr en 24. apríl 1936, og hafi flutningsgjaldið með því skipi verið d. kr. 75.00 fyrir hvert benzínton og d. kr. 60.00 fyrir hvert olíuton.

Tjón það, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna þessa, sundurliðast þannig:

1. Mismunur flutningsgjalds	kr. 1320.20
2. Uppskipun á vörum úr m/s „Dr. Alexandrine“	— 58.10
3. Símskeytakostnaður	— 102.64
4. Sölutap	-- 985.00
5. Vörurýrnun	— 71.06

eða samtals kr. 2537.00, sem er hin umstefnda upphæð, auk vaxta og málskostnaðar.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að hann hafi aldrei gert neinn samning við stefnanda um flutning á vörum fyrir félagið og hafi því ekkert vanefnt í þessu efni. Hann segir, að á síðastliðnu ári hafi hann, ásamt þeim Guðmundi R. Oddssyni og Hauk Björnssyni, samið við skipamiðlarafirmað „Faaberg & Jakobsson“, hér í bæ, um flutning á einum skipsfarm frá London og Danzig til Reykjavíkur. Samkvæmt kröfu „Faaberg & Jakobsson“ hafi farmsamningurinn verið stilaður á nafn stefnds, en engu að síður hafi þessir þrír menn verið í félagi um flutninginn og skipt skipinu samkvæmt því milli sín. Guð-

mundur R. Oddsson hafi svo tekið vörur handa Alþýðubrauðgerðinni í sinn hluta og stefndur fyrir heildverzlun sína í hans hluta, en hinsvegar sé honum (stefndum) ókunnugt um það, hvernig Haukur Björnsson hafi ráðstafað sínum hluta, sem hafi verið pláss fyrir 200 tonn af matvöru og „dekklest“ eftir því sem rúm leyfði. Mótmælir stefndur því eindregið að hafa gefið Hauk nokkra heimild eða umboð til þess að semja við stefnanda eða aðra fyrir sína hönd, um farmflutning með e/s „Nurgis“, og hafi Haukur gert það, hafi hann brostið heimild til slíks.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að stefndur einn hafi verið aðili að farmsamningnum við „Faaberg & Jakobsson“ og beri hann því alla ábyrgð gagnvart þeim, er sömdu um vöruflutninga með skipinu, þar á meðal stefnanda, er hafi samið við stefndan fyrir milligöngu Hauks Björnssonar, er hafi verið umboðsmaður stefnds við samningsgerðina samkvæmt framansögðu. Bendir stefnandi í þessu sambandi á framlagðan reikning frá stefndum til Hauks Björnssonar, svo og framburð Hauks þar að lútandi hér fyrir réttinum.

Á fyrrnefndum reikningi skuldar stefndur Hauk fyrir farmgjöld á vörum með e/s „Nurgis“, bæði fyrir flutning á 200 tonnum af matvöru, svo og 60 tonnum af benzíni.

Þá hefir og Haukur Björnsson borið það sem vitni hér fyrir réttinum, að hann hafi f. h. stefnds haft milligöngu um samninga við stefnanda um að flytja fyrir félagið ca. 100 tonn af benzíni og smurningsolium frá Danzig til Reykjavíkur með e/s „Nurgis“, sem stefndur hafi tekið á leigu samkvæmt þar um gerðum farmsamningi. Vitnið kveðst og hafa samið við stefndan fyrir sjálft sig um flutning á ca. 100 tonnum af matvöru með skipinu, og hafi það fengið allan þann flutning, eins og um var samið.

Eins og áður er tekið fram, hefir stefnandi mótmælt því, að aðrir en stefndur einn hafi verið aðili oftnefnds farmsamnings gagnvart „Faaberg & Jakobsson“, og gegn þessum mótmælum stefnanda hefir stefndur ekki fært sönnur á, að svo hafi verið, og verður því að telja stefndan einan sem hinn upprunalega farmsendanda.

Rétt sinn gagnvart honum byggir stefnandi á samningi þeim, er félagið segist hafa gert við Hauk Björnsson

sem umboðsmanns stefnds. Áðurnefndur framburður Hauks Björnssonar verður þó ekki, gegn mótmælum stefnds, talinn sanna það, að hann hafi haft umboð frá stefndum til að gera samninga við stefnanda, er skuldbundið gæti stefndan, og ekki verður heldur talið, að reikningur sá frá stefndum, er fyrr getur, sanni neitt um umboð af hálfu stefnds til Hauks Björnssonar í þessu efni. Og þar sem ekki er sýnilegt af því, sem fyrir liggur í málinu, að stefnandi hafi haft nokkra lögmæta ástæðu til að ætla, að Haukur Björnsson hefði umboð af hálfu stefnds til að gera samning þann, er stefnandi byggir skaðabóta-kröfu sína á, þá verður ekki talið, að stefnandi eigi sjálfur neina kröfu á hendur stefndum út af þessum atvikum, og verður því, þegar af þeirri ástæðu, að taka sýknukröfu stefnds í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f „Nafta“, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939.

Nr. 59/1937. **Guðmundur Stefánsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Pétur Thoroddsen

(Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um greiðslu fyrir læknisvitjun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. og gjafsóknarleyfi 30. apríl s. á. Krefst